

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Deiliskipulag Hauganess – Stórholt, Langholt og Ásvegur.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 16. desember 2025 breytingu á deiliskipulagi Hauganess skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin tekur til svæðis sem afmarkast af götunum Lyngholti til austurs, B-holti til vesturs, lóðum sunnan Ásvegar til suðurs og Hauganesvegi til norðurs. Breytingin felur m.a. í sér eftirfarandi:

Gatan A-holt fær heitið Stórholt.

Gatan B-holt fær heitið Langholt.

Íbúðagerðum við Stórholt og Langholt er breytt.

Við Ásveg er gert ráð fyrir nýrri lóð, nr. 19.

Kvöð vegna hitaveitulagnar er sett á lóðir nr. 11 og 13 við Ásveg og lóðir nr. 1-15 við Stórholt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga og öðlast hún þegar gildi.

Dalvík, 5. maí 2026.

F.h. Dalvíkurbyggðar,
María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 20. maí 2026